

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B53-55

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 849-850 í B-deild 2003.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 53-55

Nr. 312-327

2003

Efnisyfirlit B 53–55 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
312	2. maí	Reglugerð um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk- íslenska síldarstofninum árið 2003	1097-1098
313	5. maí	Auglýsing um bann við innflutningi frá Belgíu vegna Avian Inflúensu eða fuglaflensu	1099
314	23. apríl	Samþykkt um stjórn Húsavíkurbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar	1100-1114
315	14. apríl	Reglur raunvísindadeildar Háskóla Íslands um rannsóknánám	1114-1119
316	11. apríl	Reglugerð um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna úr Atvinnuleysisstryggingasjóði	1119-1123
317	11. apríl	Reglugerð um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga	1123-1128
318	2. apríl	Reglur um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga	1128-1132
319	25. apríl	Reglugerð um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga	1133-1135
320	24. apríl	Reglugerð um Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum, Ölfusi	1135-1138
321	28. apríl	Auglýsing um deiliskipulag í Sandgerði	1139
322	31. mars	Reglur um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004	1139-1140
323	28. apríl	Reglur um breytingu (15) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000	1140-1141
324	28. apríl	Auglýsing um niðurfellingu svæðisskipulags Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995 - 2015	1142
325	28. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002 - 2014	1142
326	29. apríl	Auglýsing um deiliskipulag á Akureyri	1143
327	29. apríl	Reglugerð um endurgreiðslu almenns og sérstaks vörugjalds af bensíni til sendimanna erlendra ríkja	1143-1144

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Rangárþingi eystra árið 2003.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) fyrir árið 2003.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald	kr. 9.400 á íbúð/m.v. 1 poka á viku
2. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr. 4.700
3. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr. 3.300
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)	kr. 9.400

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af Heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarmir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2003.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 18. mars 2003.

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Orðskýringar.

- Söluflokkur:** Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.
- Vöruflokkur:** Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.
- Flokksdeild:** Skipan vöru í hóp eftir upprunasvæði, hráefni, framleiðsluaðferð eða stærð umbúða. Dæmi: Rauðvín frá Chile, kókoslíkjör. Hvert undirnúmer vöruflokks telst flokksdeild.
- Áfengistegund:** Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.
- Sölutegund:** Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í verðskrá ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.
- Framlegð:** Munur söluverðs og innkaupsverðs – án vsk.
- Framlegðarskrá:** Skrá yfir framlegð vöru á 12 mánaða tímabili.

1. **Söluflokkar.**

- 1.1 Áfengi er deilt í 4 söluflokka:
Reynsluflokk
Kjarna
Mánaðarflokk
Sérflokk
- 1.2 *Reynsluflokkur* er ætlaður vöru sem er í tilraunasölu.
- 1.3 *Kjarni* er aðalsöluflokkur ÁTVR. Vörur í kjarna eru skráðar á sölulista í a.m.k. 1 ár en að ári liðnu geta þær fallið úr kjarna, skili þær ekki lágmarksframlegð. Kjarni deilist í forkjarna og aðalkjarna.
- 1.4 *Mánaðarflokkur* er ætlaður árstíðabundinni vöru.
- 1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru faltar í sérflokki.
- 1.6 Áfengi, sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

Reynsluflokkur.

- 1.7 Birgir, sem óskar að selja vöru í reynsluflokki og leyfi hefur til að selja áfengi í heildsölu, skráir upplýsingar um vöru sína á eyðublað ÁTVR: Umsókn um sölu áfengis. Jafnframt því að leggja inn tilboð sýnir hann vöruna, leggur fram vöruvottun og fær formlegt samþykki á, að hin sýnda sölueining uppfylli skilmála ÁTVR. Hann staðfestir að honum séu kunnir skilmálar ÁTVR og að hann sé reiðubúinn að hlíta þeim.
- 1.8 Í reynsluflokki eru allt að 1400 sölutegundir sem seldar eru í Heiðrónu og í Kringlunni. Séu öll sæti skipuð, getur birgir rýmt fyrir þeirri vöru, er hann býður, með því að taka aðra vöru, sem hann hefur forræði á, af listanum, enda hafi sú vara verið í

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 2003

2. maí 2003

1097

Nr. 312

REGLUGERÐ

um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2003.

1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Við veitingu leyfa koma aðeins til greina skip sem aflamark hafa í síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Heimilt er að hefja síldveiðar 5. maí 2003.

2. gr.

Leyfi, sbr. 1. gr., tekur til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í lögsögu Íslands, Færeyja og á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands og Noregs. Við veiðar í lögsögu Færeyja skal farið að reglum sem stjórnvöld þar setja um veiðarnar. Einnig tekur leyfið til veiða í lögsögu Svalbarða. Við veiðar þar skal farið að reglum sem norsk stjórnvöld setja um veiðarnar, enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

3. gr.

Á tímabilinu 5. maí til 31. desember 2003 er íslenskum skipum heimilt að veiða samtals 110.334 lestir af norsk-íslenskri síld.

4. gr.

Um tilkynningar við síldveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar. Um tilkynningar vegna veiða innan lögsögu Færeyja fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

5. gr.

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt, að fengnu leyfi Fiskistofu, að landa síldarafla til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þá er heimilt að landa síld til manneldis í erlendri höfn, enda sé síldin seld á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

Heimilt er að landa óvígtaðri síld um borð í vinnsluskip enda tilkynni skipstjóri veiðiskips Fiskistofu fyrirfram hvaða vinnsluskip taki aflann og áætlað löndunarmagn. Strax að lokinni löndun síldarinnar um borð í vinnsluskip, skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar. Þá er og heimilt að miðla afla úr nót til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafra, þó þannig að vegna vatnsinnihalds í síld skulu 13% af afla hvers skips, miðað við afla upp úr sjó, ekki dragast frá aflaheimildum þess.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Vegna afla umfram leyfilegt hámark skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafra. Jafnframt er Fiskistofu heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. maí 2003.

Árni M. Mathiesen.

Kolbeinn Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 2003

5. maí 2003

1099

Nr. 313

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Belgíu vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið Avian Influenta í Belgíu, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Belgíu.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 6. júní 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. maí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Húsavíkurbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkurbæjar er skipuð nú bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Húsavíkurbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Húsavíkurbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinn í mánuði að jafnaði þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 14. gr., boðar bæjarstjórnarfundu og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar skal hún taka ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar í bæjarráð, nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venju- legum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæj- arstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæj- arstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlut- kesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri fyrsta og annars varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra og við kjör forseta. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og for- seti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og bygg- ingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæj- arstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarskópum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir, hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum svo og til hljóðvarps-, sjónvarps- eða netútsendinga þaðan.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn í bæjarstjórn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt standandi við sæti sitt nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál og skal bæjarstjórn halda sérstaka gerðabók vegna umfjöllunar og afgreiðslu þeirra.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti til varðveislu. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Bæjarráð, fastanefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skulu þeir fulltrúar vera aðal- eða varabæjarfulltrúar. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það varamanni sínum og boða hann til fundarins.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðsins. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutadeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs og fastanefnda ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi fastanefnda skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Forseti bæjarstjórnar boðar fastanefndir, sbr. 57. gr., saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn.

Yfirmaður viðkomandi málefnasviðs undirbýr fundi í samráði við formann fastanefndar. Hann sér um að fastanefnd sé boðuð til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það varmanni sínum og boða hann til fundarins.

Fastanefndir skulu að jafnaði halda fund einu sinni í mánuði, en aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, yfirmaður viðkomandi málefnasviðs, formaður nefndar eða a.m.k tveir nefndarmanna óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð áður en hún er tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. *Forseti bæjarstjórnar.*
2. *Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar.*
3. *Annar varaforseti bæjarstjórnar.*
4. *Skrifarar bæjarstjórnar.* Tveir aðalmenn og tveir til vara úr hópi bæjarfulltrúa.
5. *Bæjarráð.* Þrír bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.
2. *Tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.
4. *Framkvæmdanefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.
5. *Hafnarnefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.

C. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir og embættismenn kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Yfirkjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þá kýs bæjarstjórn í undirkjörstjórn I og undirkjörstjórn II þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Yfirkjörstjórn skal kjörin á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar en heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar. Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar skulu einnig stýra kosningum til Alþingis.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Skoðunarmenn skulu kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.
3. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. samþykktar sambandsins.
4. *Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu.* Fulltrúa á aðalfund Eyþings skv. IV. kafla samþykktar sambandsins frá 30. ágúst 1996, aðalmenn og varamenn.
5. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.* Einn aðalmaður og annar til vara tilnefndir af bæjarstjórn skv. 2. gr. samstarfssamnings um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits frá 2002.
6. *Héraðsnefnd Þingeyinga.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. samþykktar nefndarinnar.
7. *Safnahússnefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af a.m.k. tveir úr hópi fræðslunefndarmanna. Nefndin annast málefni þeirra safna sem falla undir Safnahúsið á Húsavík að undanskildu bókasafni. Aðrir eignaraðilar kjósa fjóra fulltrúa. Þá situr sýslumaðurinn á Húsavík í nefndinni og er hann formaður.
8. *Dvalarheimili aldraðra sf. í Þingeyjarsýslu.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara til setu á aðalfundi skv. 6. gr. samþykktar dvalarheimilisins frá 5. maí 1998.
9. *Stjórn Menningarsjóðs Þingeyskra kvenna.* Einn aðalmaður (kona) og annar til vara skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins.
10. *Rekstrarstjórn Hafnalækjarskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 3. gr. samrekstrar-samnings frá 6. febrúar 2002.
11. *Skólanefnd Hafnalækjarskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. samrekstrar-samnings frá 6. febrúar 2002.
12. *Leikskólanefnd Barnaborg.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 2. gr. samstarfssamnings frá 15. ágúst 2001.

13. *Fulltrúaráð Félagsheimilis Húsavíkur sf.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. reglugerðar fyrir félagsheimilið frá 2. október 2002.
 14. *Félagsheimilisnefnd Heiðarbæjar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. starfsreglna félagsheimilisins.
 15. *Stjórn Lifeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 4. gr. reglugerðar sjóðsins. Sjóðfélagar kjósa einn fulltrúa í stjórnina og þá situr bæjarstjóri í stjórninni og er hann jafnframt formaður.
 16. *Launanefnd sveitarfélaga.* Fulltrúar á launamálaráðstefnur skv. 11. gr. samþykka launanefndarinnar, aðalmenn og varamenn.
 17. *Starfsmenntunarsjóður STH.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt grein 12.4.1 í kjarasamningi við Starfsmannafélag Húsavíkur (1997). Starfsmannafélagið kýs tvo fulltrúa.
 18. *Starfskjaranefnd STH.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt sérákvæði 16.12 í kjarasamningi við Starfsmannafélag Húsavíkur (1997). Starfsmannafélagið kýs tvo fulltrúa í nefndina.
 19. *Samráðsnefnd VH.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt grein í kjarasamningi við Verkalýðsfélag Húsavíkur. Verkalýðsfélagið kýs tvo fulltrúa.
 20. *Rekstrarlánasjóður bátaiúngerðar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. reglugerðar sjóðsins frá 2. mars 1978. Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf. kýs einn fulltrúa í stjórnina.
 21. *Fjallskilastjórar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. I. kafla laga um afréttamál efni, fjallskil og fl. nr. 6/1986 og skv. 3. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Suður-Pingeyjarsýslu og Húsavík.
 22. *Búfjárefnirlitsnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samkomulagi við Tjörneshrepp frá 20. desember 2002, en samkomulagið byggir á lögum um búfjárhald og fleira nr. 103/2002.
 23. *Búfjárefnirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 10. gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002, sbr. einnig samkomulag við Tjörneshrepp frá 20. desember 2002.
- D. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir og embættismenn kjörnir til mismunandi tíma samkvæmt ákvæðum í viðkomandi lögum, reglum eða samþykktum:**
1. *Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara úr hópi fræðslunefndarmanna tilnefndir af bæjarstjórn skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina til fjögurra ára í senn (fyrsta skipun 1996) og er hún skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara.
 2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara kjörinn ári eftir sveitarstjórnarkosningar, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, nr. 68/1994. Kjörtímabil er fjögur ár, sbr. 10. gr. laga nr. 68/1994.
 3. *Stjórn Kísilgúrsjóðs.* Einn aðalmaður tilnefndur af bæjarstjórn til tveggja ára í senn skv. 1. gr. reglugerðar um sjóðinn nr. 205/1995. Iðnaðarráðherra skipar stjórnina sem í eiga sæti sex fulltrúar.

58. gr.

Bæjarstjórn setur fastanefndum skv. B-lið 57. gr. erindisbréf þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk og valdsvið hverrar nefndar og helstu verkefni hennar. Þá setur bæjarstjórn öðrum nefndum skv. C-lið 57. gr. erindisbréf eftir því sem við á.

Auk þeirra nefnda, stjórna og ráða sem upp eru taldar í 57. gr. getur bæjarstjórn kosið aðrar nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Um fundarsköp og fundarritun

slíkra nefnda skal farið að ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við á. Fundargerðir þeirra skulu afgreiddar af þeirri fastanefnd sem þær heyra undir.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögu-rétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráðið og bæjarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins. Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður yfirmenn málefnasviða að fengnum tillögum bæjarráðs eða viðkomandi fastanefndar. Bæjarráð og fastanefndir ráða forstöðumenn einstakra stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess og veita þeim lausn frá störfum samkvæmt sérstökum samþykktum fyrir bæjarráð og fastanefndir sem bæjarstjórn setur.

62. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. í samráði við yfirmann viðkomandi málefnasviðs, enda séu stöðuheimildir fyrir hendi og ekki á annan veg mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema bæjarráð heimili annað. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá bæjarfélaginu og skulu þau kunngerð umsækjendum við auglýsingu á stöðu.

Fastráðnir starfsmenn bæjarfélagsins skulu að jafnaði ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti sem fara skal eftir viðkomandi kjarasamningum. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. er kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfssvið. Um kaup og kjör fer eftir gildandi kjarasamningum og ákvæðum í ráðningarsamningi.

63. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða lausráðna starfsmenn í samráði við yfirmann viðkomandi málefnasviðs. Um ráðningu fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir gildandi kjarasamningum og ákvæðum í ráðningarsamningi.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og starfsmannastefnu bæjarins.

Komi til ágreinings milli forstöðumanns og yfirmanns viðkomandi málefnasviðs vegna ráðninga skv. 62. eða 63. gr. skal málið afgreitt af viðkomandi fastanefnd.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir bæjarsjóð, fyrirtæki og stofnanir bæjarfélagsins að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sjóðum bæjarfélagsins og fyrirtækja þess nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkuð annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dag-skrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

VII. KAFLI

Breytingar, afbrigði og gildistaka.

71. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræðu á tveimur fundum bæjarstjórnar, sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, samþykki meirihluta bæjarstjórnar og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Húsavíkurkaupstaðar, nr. 472/1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. apríl 2003.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

REGLUR**raunvísindadeildar Háskóla Íslands um rannsóknánám.**

1. gr.

Rannsóknánámsnefnd raunvísindadeildar.

Rannsóknánámsnefnd raunvísindadeildar fer með málefni rannsóknánáms innan deildarinnar. Í rannsóknánámsnefnd situr fulltrúi úr hverri skor sem deildarráð skipar til tveggja ára. Hlutverk nefndarinnar er að afgreiða umsóknir um rannsóknánám eftir umfjöllun skora. Nefndin skal einnig fjalla um meiriháttar breytingar á námsáætlun eftir upphaf náms og sinna öðrum málum sem deildarráð kann að fela henni. Stúdent getur skotið ágreiningi við meistaraþrófs- eða doktorsnefnd til rannsóknánámsnefndar.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um rannsóknánám við raunvísindadeild er til 15. mars fyrir nám sem hefst á haustmíssi og til 15. september fyrir nám sem hefst á vormíssi.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Ferli umsókna um meistara- og doktorsnám er eftirfarandi:

- a) Stúdent sækir um inngöngu í rannsóknánám á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá nemendaskrá og skrifstofu raunvísindadeildar, að höfðu samráði við skor eða stofnun Háskóla Íslands á fræðasviði er tengist námsáformum hans. Umsókn um meistara- eða doktorsnám skulu fylgja drög að námsáætlun sem unnin er í samvinnu við skor eða stofnun. Greinargóð lýsing á rannsóknaverkefni og rannsóknáætlun er lögð fram með umsókn ef það hentar (sjá 13. gr.). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða sem fjármagna eiga rannsóknaverkefnið skulu þau fylgja umsóknum um rannsóknánám. Umsókn skal skilað á skrifstofu raunvísindadeildar, sem skráir hana og sendir til viðkomandi skorar.
- b) Skor fjallar um umsóknina og samþykkir hana (með fyrirvara um fjármögnun gerist þess þörf) eða synjar henni með rökstuðningi. Við umfjöllun skorar ber að líta til gæða umsóknar, inntökuskilyrða, hæfni leiðbeinanda ef það á við (sjá 9. og 10. gr.), ásamt aðstöðu til rannsóknánámsins. Samþykki skorin umsókn skal hún tilfenna umsjónarkennara. Umsókn er síðan vísað til rannsóknánámsnefndar, sem afgreiðir hana. Skrifstofa deildar tilkynnir umsækjanda niðurstöðu bréfluga um leið og hún liggur fyrir. Afgreiðsla rannsóknánámsnefndar er kynnt deildarráði við fyrsta tækifæri.
- c) Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars skal vera lokið fyrir 25. apríl. Umsóknir sem berast fyrir 15. september skal afgreiða fyrir 15. október. Afgreiðslu umsókna skal tilkynna til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- d) Stúdent sem raunvísindadeild hefur samþykkt í rannsóknánám skal snúa sér til nemendaskrár og skrá sig til náms. Skráning vegna náms sem hefjast skal á haustmisseri skal fara fram í síðasta lagi 31. júlí, en 30. nóvember fyrir nám á vormisseri.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að geta innritast í nám til meistaraþrófs við raunvísindadeild þarf stúdent að hafa lokið B.S. prófi frá deildinni með lágmarkseinkunn 6,5 eða sambærilegu prófi sem raunvísindadeild viðurkennir.

Til að innritast í nám til doktorsþrófs við raunvísindadeild skal stúdent hafa lokið M.S. prófi frá deildinni eða hafa sambærilegt próf sem Raunvísindadeild viðurkennir. Stúdent getur innritast í doktorsnám án undanfarandi meistaraþrófs og þarf hann þá að hafa lágmarkseinkunn 7,0 á B.S. prófi, eða sambærilegan árangur í prófi sem Raunvísindadeild viðurkennir.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum um ofangreindar lágmarkseinkunnir mæli skor einregið með því.

5. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Rannsóknánám til meistaraþrófs (M.S.) er 60 námseiningar (að jafnaði tveggja ára vinna). Sjái stúdent fram á að geta ekki lokið náminu innan fimm missera frá því það hófst skal hann sækja um til skorar að vera áfram innritaður í námið í eitt misseri til viðbótar. Ef frekari framlengingar er þörf skal slík umsókn endurtekin, þó þannig að heildarnámstími verði aldrei lengri en þrjú og hálf t.ár, nema samþykkt hafi verið að stúdent fái að stunda nám sem hlutastarf.

Um nám til M.Paed.-gráðu (45 einingar), að hluta með námskeiðum í uppeldis- og kennslufræði, gilda sérstakar reglur.

Rannsóknánám til doktorsprófs án undanfarandi meistaraprófs skal vera 120 einingar hið minnsta (að jafnaði fjögurra ára vinna) að loknu B.S. prófi. Doktorsnám að loknu meistaraprófi skal vera 90 einingar hið minnsta (að jafnaði þriggja ára vinna). Sjái stúdent fram á að geta ekki lokið náminu innan fimm ára (120e nám) eða fjögurra ára (90e nám) frá því það hófst skal hann sækja um til skorar að vera áfram innritaður í námið í eitt misseri til viðbótar. Ef frekari framlengingar er þörf skal slík umsókn endurtekin, þó þannig að heildarnámstími verði aldrei lengri en sjö ár (120e nám) eða fimm ár (90e nám), nema samþykkt hafi verið að stúdent fái að stunda nám sem hlutastarf.

Við brautskráningu skal stúdent sýna fram á að hann hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímamann, eða samkvæmt nánari reglum sem Háskólinn kann að setja.

6. gr.

Samsetning náms.

Stærð rannsóknaverkefnis í námi til meistaraprófs er ákveðin í námsáætlun og skal vera 15, 30 eða 45 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum í samræmi við samþykta námsáætlun. Hámarksfjöldi eininga í lesnámskeiðum stúdents hjá leiðbeinanda hans er 6 einingar í meistaránámi.

Skrái stúdent sig beint í doktorsnám án meistaragráðu skulu námskeið vera að lágmarki 30 einingar. Skorir skulu fjalla sérstaklega um fjölda námskeiðaeininga í doktorsnámi stúdents sem innritast að loknu meistaraprófi. Námskeiðaeiningar fást með þátttöku í námskeiðum við Háskóla Íslands eða aðrar viðurkenndar stofnanir í samræmi við samþykta námsáætlun. Hámarksfjöldi eininga í lesnámskeiðum stúdents hjá leiðbeinanda hans er 9 einingar í doktorsnámi.

Að baki doktorsgráðu að loknu fyrsta háskólaprófi skulu aldrei vera færri en 120 einingar, 30 einingar að lágmarki í námskeiðum og 90 einingar að lágmarki í rannsóknaverkefni.

Lágmarkseinkunn er 6,0 fyrir námskeið sem meta skal til meistaraprófs eða doktorsgráðu.

7. gr.

Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Heimilt er að nýta allt að 30 námskeiðaeiningar í meistaránámi til doktorsprófs á sama sviði. Ekki er heimilt að nota meistaraprófsritgerð sem hluta doktorsritgerðar. Skor getur þó mælt með því að stúdent breyti innritun sinni úr meistaránámi í doktorsnám, hafi hann ekki varið meistaraprófsritgerð sína og ef ekki eru liðin meira en tvö ár frá innritun hans til meistaránáms, miðað við nám í fullu starfi. Til þess þarf samþykki rannsóknánámsnefndar og deildarráðs.

8. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.

Námskeið í framhaldsnámi skulu að jafnaði vera sérstök framhaldsnámskeið við Háskóla Íslands eða aðrar viðurkenndar stofnanir. Þó er heimilt að nýta allt að 10 einingar úr framboði námskeiða til fyrstu háskólagráðu sem hluta af framhaldsnámi, enda séu þau nauðsynleg undirstaða verkefnisins og eðlilegt framhald námskeiða í grunnnámi stúdentsins. Slík námskeið mega ekki vera ætluð nemendum á fyrsta ári í háskóla. Um námskeiðin gilda reglur um lágmarkseinkunn í framhaldsnámi svo og reglur sem skorir kunna að setja um strangari kröfur til framhaldsnema.

9. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver framhaldsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara (prófessora, dósenta, lektora eða aðjúntka, sem hlotið hafa hæfnisdóm) í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu.

Leiðbeinandi leiðbeinir stúdent í lokaverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Skor getur þó heimilað nemanda að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum, sbr. 10. gr.

10. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur kennari í viðkomandi grein. Leiðbeinandi nemanda í framhaldsnámi skal ávallt vera viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum á sviðinu. Rannsóknaverkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans.

11. gr.

Meistaraprófs- og doktorsnefndir.

Meistaraprófsnefnd skal skipuð minnst tveimur sérfróðum mönnum og er annar þeirra umsjónarkennarinn. Heimilt er að skipa þriðja manninn í nefndina ef þurfa þykir. Deild skipar meistaraprófsnefndina að fengnum tillögum skorar. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknvinnunnar í samræmi við reglur Raunvísindadeildar. Nefndin metur framgang námsins og gæði vinnunnar út frá frammistöðu stúdentsins á munnlegu prófi eða á opnum fyrirlestri, t.d. málstofu, innan árs frá upphafi náms (sjá 13. gr.). Nefndin metur lokaritgerð ásamt prófdómara. Sé rannsóknaverkefni 15 einingar er ekki nauðsynlegt að skipa nefnd um sérhvern nemanda. Umsjónarkennari er þá ábyrgur fyrir faglegum gæðum námsins.

Doktorsnefnd skal skipuð þremur sérfróðum mönnum sem deildarráð skipar að fengnum tillögum skorar og er einn þeirra umsjónarkennarinn. Einn nefndarmanna skal starfa utan viðkomandi skorar. Doktorsnefnd kveður doktorsnemann á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og heldur próf fyrir hann um miðbik þess eða metur framgang hans á sambærilegan hátt. Aður en til doktorsvarnar kemur skilar doktorsnefndin rökstuddu álitu til deildar um hvort gefa skuli doktorsefni kost á að leggja fram ritgerð sína til doktorsvarnar.

Í þeim tilvikum sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal leiðbeinandi einnig sitja í meistaraprófs- eða doktorsnefnd eftir atvikum.

12. gr.

Prófdómarar og andmælendur.

Prófdómari, tilnefndur af meistaraprófsnefnd og skipaður af rektor, skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaránema ásamt nefndinni.

Deildarráð tilnefnir tvo andmælendur við doktorsvörn að fenginni tillögu skorar. Skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Annar andmælendanna skal vera utan deildar og er æskilegt að hann komi frá erlendum háskóla eða viðurkenndri erlendri rannsóknastofnun. Hinn má vera innan deildar. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskólans um doktorspróf og reglum raunvísindadeildar um undirbúning og framkvæmd doktorsvarnar við deildina.

13. gr.

Námsmat.

Í meistaranámi skal greinargóð lýsing á rannsóknaverkefni og rannsóknáætlun í síðasta lagi liggja fyrir í lok 1. misseris námsins ef um 45e verkefni er að ræða, en í lok 2. misseris ef verkefni er 30e eða 15e. Innan eins árs frá upphafi náms til meistaraþrófs skal nemandi gangast undir próf eða halda opinn fyrirlestur (t.d. á málstofu) þar sem fræðilegar forsendur rannsóknaverkefnis eru reifaðar, rannsóknáætlun er skýrð og fyrstu niðurstöður kynntar ef við á. Í framhaldi tekur meistaraþrófsnefnd ákvörðun um hvort framvinda námsins sé með þeim hætti að stúdent skuli leyft að halda áfram meistaranámi. Ef nefndin metur það svo að stúdent skuli synjað um framhald námsins skulu skor og rannsóknánámsnefnd deildar fjalla um málið og gefa deildarráði umsögn. Stúdent skulu þá kynntar niðurstöður matsins af deild með fullnægjandi rökstuðningi. Rannsóknaverkefni til meistaraþrófs lýkur með því að nemandi leggur fram ritgerð og heldur um hana fyrirlestur. Ritgerð skal metin af umsýðarnefnd og prófdómara.

Doktorsnefnd prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknáætlun á viðkomandi sviði um miðbik námsins eða metur framgang hans á sambærilegan hátt og skal þá námskeiðum að jafnaði lokið. Skilyrði fyrir því að nemandi geti haldið áfram doktorsnámi er að hann standist prófið. Ef nefndin metur það svo að stúdent skuli synjað um framhald námsins skulu skor og rannsóknánámsnefnd deildar fjalla um málið og gefa deildarráði umsögn. Stúdent skulu þá kynntar niðurstöður matsins af deild með fullnægjandi rökstuðningi. Rannsóknaverkefni til doktorsþrófs lýkur með því að nemandi leggur fram ritgerð, að fengnu samþykki doktorsnefndar (sjá 11. gr.), og ver hana opinberlega. Ritgerð skal metin af andmælendum, sbr. 12. gr.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats meistaraþrófs- eða doktorsnefndar staðfest yfirlit um námsferil stúdents.

14. gr.

Skil og frágangur lokaverkefna.

Meistaraþrófsritgerð skal leggja fram fullbúna fyrir meistaraþrófsnefnd og prófdómara minnst tíu dögum fyrir próf og lokafyrirlestur meistaranema.

Doktorsritgerð skal leggja fram fyrir doktorsnefnd og andmælendur eigi síðar en sex vikum fyrir doktorsvörn. Lokaritgerð til meistara- eða doktorsþrófs getur verið hvort sem er á formi bókar eða safns greina sem hafa birst eða verið sendar til birtingar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum. Með greinasafni skal ávallt fylgja ítarlegur inngangur með samantekt á verkinu og heildarmynd þess. Deildarskrifstofa veitir leiðbeiningar um frágang og útlit ritgerða, fjölda eintaka, kostnað vegna þeirra og skil til Háskólabókasafns og samþykkir einnig lokafrágang.

Ritgerð skal vera á íslensku eða ensku en útdráttur á báðum tungumálum skal fylgja hverri meistaraþrófs- og doktorsritgerð. Doktorsritgerð skal liggja frammi á Landsbókasafni - Háskólabókasafni viku fyrir doktorsvörn.

15. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hluta meistaranáms eða doktorsnáms má taka við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsóknastofnanir. Jafnframt er heimilt að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla. Skýrt skal kveðið á um vægi námskeiða og verkefnis við Háskóla Íslands og aðra háskóla eða stofnanir í námsáætlun sem lögð er fyrir viðkomandi skor til samþykktar (sjá 13. gr.). Allar breytingar á námsáætlun skal leggja fyrir meistaraþrófs- eða doktorsnefnd og meiri háttar breytingar skal einnig leggja fyrir rannsóknánámsnefnd.

16. gr.

Lærdómstitlar.

Meistarapróf veitir rétt til lærdómstítulsins *Magister scientiarum* (M.S.) eða *Magister paedagogiae* (M.Paed).

Doktorspróf veitir rétt til lærdómstítulsins *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

17. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í raunvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla raunvísindaeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 14. apríl 2003.

Páll Skúlason.

Tryggvi Þórhallsson.

REGLUGERÐ

um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

A. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur*: Sá sem starfar við eigin rekstur, í eigin nafni eða í sameignarfélagi sem ekki er sjálfstæður skattaðili, í því umfangi að honum eða félagi er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skatt-yfirvalda, skil á tryggingagjaldi.

B. *Viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra*: Fjárhæðir sem fjármálaráðherra ákveður árlega sem lágmarksviðmiðun fyrir reiknað endurgjald í tilteknum starfsgreinum sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. laga nr. 152/2002.

II. KAFLI

Almenn skilyrði til greiðslna frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

3. gr.

Almenn skilyrði.

Rétt til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt reglugerð þessari eiga sjálfstætt starfandi einstaklingar sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Hafa stöðvað rekstur, sbr. IV. kafla.
3. Hafa óbundna heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi.
4. Eru búsettir hér á landi eða hafa fengið leyfi til atvinnuleitar í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
5. Hafa á síðustu tólf mánuðum áður en þeir stöðvuðu rekstur eða urðu atvinnulausir staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi í a.m.k. þrjá mánuði áður en rekstur stöðvaðist, en hlutfallslega lengur hafi tekjur af rekstri verið lægri en viðmiðun reiknaðs endurgjalds í hlutaðeigandi starfsgrein samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra.
6. Hafa í upphafi tímabils sem þeir eru án atvinnu verið skráðir atvinnulausir í þrjá daga samfelld.
7. Eru reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa eða hefja sjálfstæðan rekstur.
8. Hafa ekki tekjur eða tekjuígildi af rekstri, sbr. þó 14. gr.
9. Hafa ekki hafið störf sem launamenn.

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur fengið samþykki ríkisskattstjóra fyrir því að greiða tryggingagjald vegna reiknaðs endurgjalds einu sinni á ári (ársmaður), skal hann hafa greitt tryggingagjaldið vegna rekstrarársins á undan áður en umsókn hans um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði er afgreidd hjá úthlutunarnefnd.

4. gr.

Skráning.

Skráning fer fram hjá svæðisvinnumiðlun eða þeim aðila sem svæðisráð hennar hefur falið að annast skráningu.

III. KAFLI

Ávinnsla réttar til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

5. gr.

Fullt starf.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem greiðir mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein telst vera í fullu starfi.

6. gr.

Hlutastarf.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem greiðir mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein telst vera í hlutastarfi. Starfshlutfall hans ákvarðast af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sjóðfélaga og viðmiðunarfjárhæðar.

7. gr.

Skilyrði fyrir lágmarksgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem telst án atvinnu á rétt á lágmarksgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði hafi hann á síðustu tólf mánuðum áður en hann stöðvaði rekstur eða varð án atvinnu staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi fyrir fullt starf, sbr. 5. gr., í þrjá mánuði áður en rekstur stöðvaðist.

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur verið í hlutastarfi, sbr. 6. gr., skal hann hafa greitt tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi hlutfallslega lengur en skv. 1. mgr. til að öðlast rétt á lágmarksgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

8. gr.

Skilyrði fyrir hámarksgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem telst án atvinnu á rétt á hámarksgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði hafi hann staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi fyrir fullt starf, sbr. 5. gr., á síðustu tólf mánuðum áður en rekstur stöðvaðist.

9. gr.

Útreikningar á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur ekki verið í sama starfshlutfalli á síðustu tólf mánuðum áður en hann stöðvaði rekstur skal við útreikninga á rétti hans miða við meðaltal starfshlutfalls í þá mánuði sem staðið var í skilum með tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi á umræddu tímabili. Enn fremur skal reikna greiðslur hlutfallslega miðað við fjölda mánaða þegar staðið var í skilum með tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi á síðustu tólf mánuðum áður en rekstur stöðvaðist. Hlutaðeigandi skal þó ætíð fullnægja skilyrði fyrir lágmarksgreiðslu skv. 7. gr.

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur verið bæði í rekstri og launavinnu á síðustu tólf mánuðum áður en hann varð án atvinnu skal leggja saman starfshlutfall hans sem launamanns við starfshlutfall hans sem sjálfstætt starfandi í hverjum mánuði. Óheimilt er að miða við herra starfshlutfall en 100%.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-2. mgr. er óheimilt að miða greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði við herra starfshlutfall en sem nemur því starfshlutfalli sem sjálfstætt starfandi einstaklingur er reiðubúinn að ráða sig í. Umsækjandi skal tilgreina í umsókn það starfshlutfall sem hann er reiðubúinn að ráða sig í. Greiðslur vegna barna skerðast ekki.

10. gr.

Skólanám.

Skólanám í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, og reglugerðar þessarar telst vera 75-100% samfellt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en einstaklingur varð án atvinnu. Sama á við um 75-100% nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Heimilt er að meta sambærilegt nám í öðrum ríkjum, enda uppfylli einstaklingur önnur skilyrði laganna um ávinnslu réttar til greiðslna. Einstök námskeið teljast ekki til skólanáms.

Þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi skal meta skólanám hans skv. 1. mgr. sem þrettán vikur til viðbótar vinnuframlagi hans. Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur átt geymdan bótarétt samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar fær hann greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði í samræmi við það að því undanskildu að starfstími hans eftir að hann hóf störf að nýju gefi tilefni til annars.

Leggja skal fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi verið skráður í 75-100% nám og hafi sýnt viðunandi ástundun.

11. gr.

Upplýsingaskylda.

Umsækjandi skal tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi umsókn hans um greiðslur atvinnuleysistrygginga svo unnt sé að meta rétt hans til greiðslna samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, og reglugerð þessari.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem á rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði skal gefa skráningaraðila upplýsingar hafi breytingar orðið á högum hans er geta varðað rétt hans til greiðslu úr sjóðnum frá því að hann skráði sig síðast.

IV. KAFLI

Stöðvun sjálfstæðrar starfsemi.

12. gr.

Stöðvun rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hann hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Þegar meta skal hvort starfsemi hafi verið stöðvuð skal líta til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra. Heimilt er að taka tillit til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá vegna eignasölu enda hafi sjóðfélagi lagt fram yfirlýsingu þess efnis að hann hyggist hætta rekstri.

Enn fremur telst sjálfstætt starfandi einstaklingur hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt skráningarnúmer sitt af skrá, sýnt fram á að atvinnutæki hafi verið seld eða afskráð, reksturinn framseldur öðrum eða hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta.

13. gr.

Staðfesting um stöðvun rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur skal láta fylgja umsókn sinni um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði staðfestingu um að hann hafi stöðvað rekstur skv. 12. gr. Staðfestingin skal fela í sér:

- a. yfirlýsingu hlutaðeigandi um að öll starfsemi hafi verið stöðvuð og ástæður þess, og
- b. afrit af tilkynningu til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra um að rekstur hafi verið stöðvaður eða vottorð frá skattyfirvöldum um að skráningarnúmer hans hafi verið tekið af skrá.

14. gr.

Samdráttur í rekstri.

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur áunnið sér rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, og III. kafla reglugerðar þessarar en reksturinn síðan dregist saman þannig að tekjur hlutaðeigandi verða lægri en hámarksgreiðslur atvinnuleysistrygginga er úthlutunarnefnd heimilt að greiða mismun atvinnuleysistrygginga sem hlutaðeigandi ætti rétt á skv. 10. gr. væri hann með öllu án atvinnu og mismun tekna hans. Hið sama á við missi sjálfstætt starfandi einstaklingur launavinnu en heldur áfram rekstri.

Umsókn skal fylgja staðfesting skattyfirvalda um að sjálfstætt starfandi einstaklingi sé heimilt að greiða svo lágt reiknað endurgjald vegna rekstrar samkvæmt gildandi reglum um reiknað endurgjald.

Ákvæði 13. gr. laga nr. 12/1997 gildir um sjálfstætt starfandi einstakling sem sækir um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar hlutastörf sem samsvara allt að mismuninum á fullu starfi og því starfshlutfalli er hann gegnir skv. 7. gr.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Eftirlit.

Vinumálastofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar í umboði stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

16. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar skal fara með skv. 15. og 27. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

17. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 1. gr. og 30. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð um bótarétt sjálfstætt starfandi einstaklinga úr Atvinnuleysistryggingasjóði, nr. 740/1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. apríl 2003.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

REGLUGERÐ
um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um rétt bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra, sbr. skilgreiningu 3. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, til greiðslna úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

A. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur*: Sá sem starfar við eigin rekstur, í eigin nafni eða í sameignarfélagi sem ekki er sjálfstæður skattaðili, í því umfangi að honum eða félagi er

gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattfyrirvalda, skil á tryggingagjaldi.

B. *Viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra*: Fjárhæðir sem fjármálaráðherra ákveður árlega sem lágmarksviðmiðun fyrir reiknað endurgjald í tilteknum starfsgreinum sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. laga nr. 152/2002.

C. *Tryggingasjóður*: Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.

D. *Sjóðfélagi*: Bændur, smábátaeigendur og vörubifreiðastjórar, sbr. 3. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar.

II. KAFLI

Ávinnsla réttar til greiðslu úr Tryggingasjóðnum.

3. gr.

Skilyrði réttar til greiðslu úr Tryggingasjóðnum.

Sjóðfélagi skal teljast án atvinnu er hann uppfyllir skilyrði 1.–7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, sbr. 5. gr. sömu laga og III. kafla reglugerðar þessarar. Hafi sjóðfélagi fengið leyfi til atvinnuleitar í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu jafngildir það skilyrði laganna um búsetu hér á landi.

Skráning fer fram hjá svæðisvinnumiðlun eða þeim aðila sem svæðisráð hennar hefur falið að annast skráningu.

Hafi sjóðfélagi fengið samþykki ríkisskattstjóra fyrir því að greiða tryggingagjald vegna reiknaðs endurgjalds einu sinni á ári (ársmaður), skal hann hafa greitt tryggingagjaldið vegna rekstrarársins á undan áður en umsókn hans um greiðslur úr Tryggingasjóðnum er afgreidd hjá úthlutunarnefnd.

4. gr.

Fullt starf.

Sjóðfélagi sem greiðir mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein telst vera í fullu starfi.

5. gr.

Hlutastarf.

Sjóðfélagi sem greiðir mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein telst vera í hlutastarfi. Starfshlutfall hans ákvarðast af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sjóðfélaga og viðmiðunarfjárhæðar.

6. gr.

Skilyrði fyrir lágmarksgreiðslu úr Tryggingasjóðnum.

Sjóðfélagi sem telst án atvinnu á rétt á lágmarksgreiðslu úr Tryggingasjóðnum hafi hann á síðustu tólf mánuðum áður en hann stöðvaði rekstur eða varð án atvinnu staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi fyrir fullt starf, sbr. 4. gr., í þrjá mánuði áður en rekstur stöðvaðist.

Hafi sjóðfélagi verið í hlutastarfi, sbr. 5. gr., skal hann hafa greitt tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi hlutfallslega lengur en skv. 1. mgr. til að öðlast rétt á lágmarksgreiðslu úr Tryggingasjóðnum.

7. gr.

Skilyrði fyrir hámarksgreiðslu úr Tryggingasjóðnum.

Sjóðfélagi sem telst án atvinnu á rétt á hámarksgreiðslu úr Tryggingasjóðnum hafi hann staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi fyrir fullt starf, sbr. 4. gr., á síðustu tólf mánuðum áður en rekstur stöðvaðist.

8. gr.

Útreikningar á greiðslum úr Tryggingasjóðnum.

Hafi sjóðfélagi ekki verið í sama starfshlutfalli á síðustu tólf mánuðum áður en hann stöðvaði rekstur skal við útreikninga á rétti hans miða við meðaltal starfshlutfalls í þá mánuði sem staðið var í skilum með tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi á umræddu tímabili. Enn fremur skal reikna greiðslur hlutfallslega miðað við fjölda mánaða þegar staðið var í skilum með tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi á síðustu tólf mánuðum áður en rekstur stöðvaðist. Hlutaðeigandi skal þó ætíð fullnægja skilyrði fyrir lágmarksgreiðslu skv. 6. gr.

Hafi sjóðfélagi verið bæði í rekstri og launavinnu á síðustu tólf mánuðum áður en hann varð án atvinnu skal leggja saman starfshlutfall hans sem launamanns við starfshlutfall hans sem sjálfstætt starfandi í hverjum mánuði. Óheimilt er að miða við herra starfshlutfall en 100%.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. mgr. er óheimilt að miða greiðslur úr Tryggingasjóðnum við herra starfshlutfall en sem nemur því starfshlutfalli sem sjóðfélagi er reiðubúinn að ráða sig í. Umsækjandi skal tilgreina í umsókn það starfshlutfall sem hann er reiðubúinn að ráða sig í. Greiðslur vegna barna skerðast ekki.

9. gr.

Skólanám.

Skólanám í skilningi laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, og reglugerðar þessarar telst vera 75–100% samfellt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en sjóðfélagi varð án atvinnu. Sama á við um 75–100% nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Heimilt er að meta sambærilegt nám í öðrum ríkjum, enda uppfylli sjóðfélagi önnur skilyrði laganna um ávinnslu réttar til greiðslna. Einstök námskeið teljast ekki til skólanáms.

Þegar sjóðfélagi hefur lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi skal meta skólanám hans skv. 1. mgr. sem þrettán vikur til viðbótar vinnuframlagi hans. Hafi sjóðfélagi átt geymdan bótarétt samkvæmt lögum nr. 46/1997 fær hann greiðslur úr Tryggingasjóðnum í samræmi við það að því undanskildu að starfstími hans eftir að hann hóf störf að nýju gefi tilefni til annars.

Leggja skal fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um að sjóðfélagi hafi verið skráður í 75–100% nám og hafi sýnt viðunandi ástundun.

10. gr.

Upplýsingaskylda.

Sjóðfélagi skal tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi umsókn hans um greiðslur atvinnuleysistrygginga svo unnt sé að meta rétt hans til greiðslna samkvæmt lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, og reglugerð þessari.

Sjóðfélagi sem á rétt til greiðslu út Tryggingasjóðnum skal gefa skráningaraðila upplýsingar hafi breytingar orðið á högum hans er geta varðað rétt hans til greiðslu úr sjóðnum frá því að hann skráði sig síðast.

III. KAFLI

Stöðvun sjálfstæðrar starfsemi.

11. gr.

Stöðvun rekstrar.

Sjóðfélagi telst hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hann hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Þegar meta skal hvort starfsemi hafi verið stöðvuð skal líta til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra. Heimilt er að taka tillit til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá vegna eignasölu enda hafi sjóðfélagi lagt fram yfirlýsingu þess efnis að hann hyggist hætta rekstri.

Enn fremur telst sjóðfélagi hafa stöðvað rekstur hafi hann lagt inn skráningarnúmer sitt varanlega eða sýnt fram á að atvinnutæki hafi verið seld eða afskráð, reksturinn framseldur öðrum eða hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta.

12. gr.

Staðfesting um stöðvun rekstrar.

Sjóðfélagi skal láta fylgja umsókn sinni um greiðslur úr Tryggingasjóðnum staðfestingu um að hann hafi stöðvað rekstur skv. 11. gr. Staðfestingin skal fela í sér:

- a. yfirlýsingu hlutaðeigandi um að öll starfsemi hafi verið stöðvuð og ástæður þess, og
- b. afrit af tilkynningu til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra um að rekstur hafi verið stöðvaður eða vottorð frá skattyfirvöldum um að skráningarnúmer hafi verið afskráð.

13. gr.

Samdráttur í rekstri.

Hafi sjóðfélagi áunnið sér rétt til greiðslu úr Tryggingasjóðnum samkvæmt lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, og II. kafla reglugerðar þessarar en reksturinn síðan dregist saman þannig að tekjur hlutaðeigandi verða lægri en hámarks-greiðslur atvinnuleysistrygginga er úthlutunarnefnd heimilt að greiða mismun atvinnuleysistrygginga sem hlutaðeigandi ætti rétt á skv. 8. gr. væri hann með öllu án atvinnu og mismun tekna hans. Hið sama á við missi sjóðfélagi launavinnu en heldur áfram rekstri.

Umsókn skal fylgja staðfesting skattyfirvalda um að sjóðfélaga sé heimilt að greiða svo lágt reiknað endurgjald vegna rekstrar samkvæmt gildandi reglum um reiknað endurgjald.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 46/1997 gildir um sjóðfélaga sem sækir um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar hlutastörf sem samsvara allt að mismuninum á fullu starfi og því starfshlutfalli er hann gegnir skv. 5. gr.

IV. KAFLI

Atvinnuleysi maka.

14. gr.

Styrkur vegna atvinnuleysis maka.

Maka sjóðfélaga er heimilt að sækja um styrk til Tryggingasjóðsins sýni hann fram á að styrkurinn muni nýtast honum við nýsköpun í atvinnurekstri. Skal hann í þessu skyni leggja fram greinargerð er hefur að geyma nákvæmar upplýsingar um það verkefni sem hann hyggst vinna að ásamt fjárhagsáætlun.

Styrkur skal nema hámarksbótum skv. 12. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997 og er veittur að hámarki í sex mánuði. Skilyrði styrkveitingar til maka eru að:

- a. maki sé atvinnulaus en geti vegna búsetu sinnar ekki sótt vinnu á næsta atvinnusvæði,
- b. sjóðfélagi stundi atvinnurekstur þegar maki hans sækir um styrk,

- c. samanlagðar tekjur sjóðfélaga og maka hafi á síðustu sex mánuðum ekki verið hærra en sem nemur tvöföldum hámarksbótum að meðaltali, og
- d. styrkveiting verði ekki talin fela í sér röskun á samkeppnisstöðu.

15. gr.

Umsókn.

Stjórn Tryggingasjóðsins tekur ákvarðanir um veitingu styrks samkvæmt þessum kafla. Skal það gert á grundvelli 25. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997. Stjórn sjóðsins skal í upphafi hvers árs ákveða heildarfjárhæð sem skal vera til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Styrkjum skal úthlutað þrisvar á ári. Umsóknir skulu hafa borist Vinnumálastofnun fyrir 15. febrúar vegna fyrstu úthlutunar, fyrir 1. maí vegna annarrar úthlutunar og fyrir 15. september vegna þriðju úthlutunar.

Stjórn sjóðsins skal hafa eftirlit með því að framkvæmd verkefnis sé í samræmi við forsendur styrkveitingar og getur hún að eigin frumkvæði óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum og gögnum. Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við forsendur styrkveitingar er stjórninni heimilt að stöðva greiðslur styrksins. Skal stjórnin tilkynna hlutaðeigandi skriflega um ákvörðun sína um stöðvun greiðslu.

Innan átta vikna frá því að verkefni lýkur skal styrkhafi senda Vinnumálastofnun greinargerð um framkvæmd verkefnisins.

V. KAFLI

Deildir.

16. gr.

Skipting í deildir.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar í þremur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-, B- og C-deild:

- a. Bændur eiga rétt á greiðslum úr A-deild Tryggingasjóðsins.
- b. Smábátaeigendur eiga rétt á greiðslum úr B-deild Tryggingasjóðsins.
- c. Vörubifreiðastjórar eiga rétt á greiðslum úr C-deild Tryggingasjóðsins.

Deildirnar skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvernar deildar í rekstri sjóðsins og er starfsemi hvernar deildar haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

17. gr.

Lágmarksfjöldi í deild.

Lágmarksfjöldi sjóðfélaga í hverri deild skal vera 500 einstaklingar. Við ákvörðun um hvort skilyrði þetta telst uppfyllt skal miða við meðaltal þeirra sem greitt hafa tryggingagjald samkvæmt lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, í viðkomandi starfsgrein á síðastliðnum tólf mánuðum. Fækki sjóðfélögum í deild miðað við þetta lágmark skal stjórn sjóðsins gera tillögur til félagsmálaráðherra um hvernig bregðast skuli við.

Félagsmálaráðherra er heimilt að gera undanþágu frá skilyrði um lágmarksfjölda í deild.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Eftirlit.

Vinnumálastofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar í umboði sjóðstjórnar.

19. gr.
Viðurlög.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar skal fara með skv. V. kafla laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

20. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 31. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 525/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. apríl 2003.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

REGLUR

um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga.

1. gr.
Gildissvið.

Póst- og fjarskiptastofnun setur hér með eftirfarandi reglur um úthlutun og notkun númera, númeraraða, kóða og vistfanga, sem notuð eru í fjarskiptaþjónustu og við samtengingu fjarskiptaneta.

2. gr.
Skilgreiningar.

Vísað er til skilgreininga í fjarskiptalögum en auk þess hafa eftirfarandi orð sérstaka merkingu:

- Notendanúmer:* Númer sem áskrifendur fjarskiptaþjónustu fá úthlutað hjá rekstrarleyfishafa vegna tengingar við fjarskiptanet þeirra og hægt er að hringja í eða nota til að sækja þjónustu frá rekstrarleyfishöfum.
- Símanúmer:* Notendanúmer í almennri talsímaþjónustu, samneti eða farsímaþjónustu.
- Forskeyti:* Númer sem notandi verður að velja á undan símanúmeri til þess að fá aðgang að þjónustuaðila.
- Útlandaforskeyti:* Númer sem notandi verður að velja á undan landsnúmeri til að fá aðgang að útlandaþjónustu.
- Landsnúmer:* Númer eða kóði 1-, 2ja- eða 3ja-stafa sem Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur úthlutað í samræmi við tilmæli E.164.
- Neyðarnúmer:* Númer sem eingöngu skal nota til að tilkynna um slys eða beiðni um neyðarhjálp.
- Þjónustunúmer:* Fjögurra stafa númer sem veitir aðgang að þjónustu sem tengist fjarskiptaþjónustu fjarskiptaþyrirtækis.
- Almenn upplýsingaveita:* Starfsemi sem felst í upplýsingagjöf í gegnum síma um vörur og/eða þjónustu. Upplýsingar eru almennt veittar öllum notendum talsímaþjón-

ustu er þess óska og aðilum, sem bjóða vörur eða þjónustu í þeim flokkum sem upplýsingaveitan veitir upplýsingar um, stendur þjónusta hennar til boða án mismununar.

3. gr.

Almennt.

Markmið skipulags um notendanúmer er að kveða á um úthlutun númera fyrir mismunandi þjónustu. Skipulaginu er í fyrsta lagi ætlað að tryggja fjarskiptafyrirtækjum aðgang að númerum fyrir notendur sína og tryggja notendum hverjum fyrir sig númer sem tengist honum einum og gerir öðrum kleift að beina til hans fjarskiptaboðum. Í öðru lagi er skipulaginu ætlað að tryggja að númer og kóðar séu fáanleg fyrir samtengingu neta.

Úthlutun kóða, númera og númeraraða felur í sér heimild til afnota, en leiðir ekki til eignarréttar á númerum eða númeraröðum.

Skipan númeramála samkvæmt þessum reglum byggir m.a. á tilmælum Alþjóðafjarskiptasambandsins ITU um númer í alþjóðatalsíma og vistföng í gagnaflutningsnetum. Þar er m.a. kveðið á um hámarks lengd númera og um lands- og netkóða. Þar að auki skulu ýmis forskeyti og þjónustunúmer vera í samræmi við tilskipanir ESB, sem hafa tekið gildi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í allri fjarskiptaþjónustu sem sækir skipulag númera og vistfanga til tilmæla ITU skal eingöngu nota númer, kóða og vistföng sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úthlutað.

Póst- og fjarskiptastofnun setur fram og uppfærir heildarskipulag á númerum fyrir mismunandi þjónustu og ramma um vistföng í fjarskiptanetum. Fjarskiptafyrirtækjum ber að veita stofnuninni allar upplýsingar um númer í notkun sem og um möguleika jafnt sem takmarkanir fjarskiptakerfa þeirra að því er varðar notkun númera.

4. gr.

Umsóknir.

Fjarskiptafyrirtæki sem úthluta notendum númerum vegna fjarskiptaþjónustu skulu sækja um númeraðir til Póst- og fjarskiptastofnunar á þar til gerðu eyðublaði. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

Tegund þjónustu

Fjöldi notenda í viðkomandi þjónustu

Lengd númeraraðar/raða sem óskað er eftir

Fjöldi notenda sem reiknað er með að bætist við á næsta heila ári

Allar breytingar á notkun númeraraða skulu tilkynntar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar fjarskiptafyrirtækjum númeraröðum eftir þörfum þeirra, að svo miklu leyti sem heildarskipulag númera leyfir, sbr. 6. gr. Við úthlutun skal miðað við þarfir fyrirtækisins næsta heila árið, en lengur ef nægjanlegt svigrúm er til þess að mati stofnunarinnar.

Umsóknum um númer og kóða fyrir samtengingu neta og stuttnúmer skulu fjarskiptafyrirtæki og aðrir sem rétt hafa á stuttnúmerum senda Póst- og fjarskiptastofnun. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

Lýsing á þjónustunni sem veitt verður

Heiti neta sem á að samtengja

Í hvaða neti númerið er hýst

Samtengistaður/staðir

Gjaldtökuaðferð fyrir þjónustuna

Allar breytingar á notkun stuttnúmera skulu tilkynntar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að úthlutun einstakra stuttnúmera fari fram að undagengnu útboði.

5. gr.

Ábyrgð og nýting.

Fjarskiptafyrirtæki er ábyrgt fyrir rétttri notkun númera þ.m.t. að númer séu ekki notuð í öðrum tilgangi en viðkomandi númeraröð hefur verið úthlutað til. Úthlutað númer má eingöngu nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi.

Fjarskiptafyrirtæki, sem fengið hafa úthlutað númeraröðum skulu leitast við að nýta þær á sem bestan hátt.

Úthlutun stuttnúmera er bundin þeirri notkun sem umsókn var miðuð við, sbr. 4. gr.

Verði þeirri notkun hætt eða hún verður önnur en reglur þessar gera ráð fyrir fellur úthlutunin sjálfkrafa niður.

6. gr.

Úthlutun.

Fjarskiptafyrirtækjum í talsímaþjónustu, þ.m.t. farsímaþjónustu, skal úthlutað eftir þörfum sjö stafa númeraröðum. Númer sem byrja á tölustafnum 3 skulu þó vera níu stafa.

Fjarskiptafyrirtækjum í talsímaþjónustu, þ.m.t. farsímaþjónustu, skal úthlutað fjögurra stafa þjónustunúmerum í númeraskipulaginu.

Fjarskiptafyrirtækjum, sem bjóða upp á forval, eða fast forval, skal úthlutað fjögurra stafa forskeytum. Fyrir þessa þjónustu er notuð röðin 10xx og númerið 1100.

Númerið 00 má eingöngu nota sem útlandaforskeyti. Númerið 112 má eingöngu nota sem neyðarnúmer.

Umsóknir um númer og númeraraðir skulu að jafnaði afgreiddar í sömu röð og þær berast Póst- og fjarskiptastofnun.

Úthlutun stuttnúmera er bundin þeirri notkun sem umsókn var miðuð við, sbr. 4. gr. Verði þeirri notkun hætt eða hún verður önnur en reglur þessar gera ráð fyrir fellur úthlutunin sjálfkrafa niður.

Fjarskiptafyrirtæki skulu greiða gjald fyrir úthlutað númer og raðir, skv. gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar. Fyrir stuttnúmer greiðist samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Gjaldskylda númeraraða miðast við úthlutun 1. janúar ár hvert.

7. gr.

Skil á stuttnúmerum og númeraröðum.

Heimilt er að skila inn til Póst- og fjarskiptastofnunar stuttnúmerum og númeraröðum. En eingöngu er hægt að skila inn númeraröðum í heilum 1000 númera blokkum.

8. gr.

Skipulag númera í almennri talsímaþjónustu, samneti og farsíma.

Í fjarskiptanetum, þar sem veitt er talsíma-, samnets- og farsímaþjónusta skulu gilda 7- eða 9-stafa símanúmer.

Röðun númera fyrir mismunandi þjónustu skal vera sem hér segir:

1. Almenn símanúmer skulu vera 7-stafa í röðunum 20-99 að undanskilinni röð 3 sem er 9-stafa.
2. Þegar ekki á að gjaldfæra A-notanda fyrir símtali skal nota 7-stafa númer sem byrja á 80.
3. Númer sem byrja á 901-905 skal nota fyrir símatorgsþjónustu með yfirgjaldi.
4. Númer sem byrja á 907-908 skal nota fyrir mannlega svörun á yfirgjaldi.
5. Númer sem byrjar á 75 og nota greindarnet er heimilt að nota fyrir þjónustu með yfirgjaldi aðra en þá sem fellur undir 3. eða 4. tölulið.

6. Almenningsgjálföllum, sem tekið er aukagjald fyrir að hringja í, skal gefið 7-stafa númer sem byrjar á 909.
7. Fjögurra stafa númer sem byrja á 17 eru til úthlutunar til opinberra aðila/stofnana sem veita þjónustu er varðar almannaheill, s.s. læknisþjónustu, veðurupplýsingar, færð á vegum. Sama rétt hafa aðilar sem gert hafa samning við opinbera aðila um að sinna þjónustunni.
8. Fjögurra stafa númer sem byrja á 14 og 18 eru til úthlutunar fyrir fjarskiptafyrirtæki sem þjónustunúmer þar sem þeir geta veitt upplýsingar tengdar þeirri fjarskiptaþjónustu sem þeir veita.
9. Fjarskiptafyrirtæki geta sótt um fjögurra stafa númer sem byrja á 14 eða 18 til úthlutunar til áskrifenda sinna sem reka almennar upplýsingaveitur, sbr. skilgreiningu í 2. gr. Númerum úr þessari röð er hvorki úthlutað til aðila sem hyggjast eingöngu veita upplýsingar um eigin vöru eða þjónustu né til sölu eða móttöku pantana á vöru eða þjónustu.
10. Þjónusta í þriggja stafa þjónustunúmerum má vera eftirfarandi:
 - a. Í númerinu 112, þjónusta sem fellur undir lög nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun og reglugerð nr. 570/1996, um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar.
 - b. Í númerinu 155, upplýsingar um tíma.
 - c. Í númerinu 118:
 - Nafn einstaklings eða fyrirtækis
 - Númer: Símanúmer í almennri fjarskiptaþjónustu
 - Heimilisfang
 - Póstnúmer
 - Starfsheiti
 - Deildarfyrirkomulag
 - Afgreiðslutími fyrirtækja
 - Tölvupóstföng
 - Vistföng heimasíðna
- Ekki verður um frekari úthlutanir á þriggja stafa stuttnúmerum að ræða.
11. Fjögurra stafa stuttnúmer sem byrja á 1900 til 1919 eru til ráðstöfunar fyrir SMS þjónustu.

Óheimilt er að nota þriggja og fjögurra stafa stuttnúmer fyrir annarskonar þjónustu en hér er talin upp. Beiðni um nýja þjónustu sem þarfnast sérstaks númers skal senda til Póst- og fjarskiptastofnunar sem tekur ákvörðun um hvar í númeraskipulaginu hún skal vera.

Póst- og fjarskiptastofnun birtir lista á heimasíðu stofnunarinnar yfir úthlutaðar númeraraðir og stuttnúmer sem hefur verið úthlutað í samræmi við framangreint.

9. gr.

Númera- og vistfangaskipulag fyrir gagnaflutningsþjónustu.

Gagnaflutningsnet sem taka mið af ITU tilmælum X.121 skulu nota gagnanetfangskóða eða DNIC (Data Network Identification Code) innan þess sviðs sem ITU hefur úthlutað Íslandi.

Gagnaflutningsnet sem falla undir vistfangaskipulag í samræmi við ITU tilmæli X.400/F.401 skulu nota ADMD (Administration Management Domain) vistföng í samræmi við tilmælin.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur skrá yfir netföng (DNIC) og vistföng (ADMD) sem fjarskiptafyrirtækjum hefur verið úthlutað.

10. gr.

Númer fyrir skip.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar skipum og bátum númerum fyrir skipa- og bátastöðvar í sjófarstöðvaþjónustu (Maritime Mobile Service Identities, MMSI). Númerin skulu valin í samræmi við tilmæli ITU E.210. Stofnunin úthlutar einnig notendanúmerum fyrir Inmarsat-þjónustu (Inmarsat Mobile Number, IMN) í samræmi við tilmæli ITU E.215.

11. gr.

Kerfisnúmer og vistföng í fjarskiptanetum.

Samtenging fjarskiptaneta á grundvelli tilmæla ITU og staðla ETSI skal gerð með notkun númera og vistfangaaðferða sem ITU og ETSI hafa skilgreint. Póst- og fjarskiptastofnun annast úthlutun og skráningu á eftirfarandi kóðum:

1. ISPC (International Signalling Point Code) samkvæmt ITU tilmælum Q.708.
2. NSPC (National Signalling Point Code) samkvæmt ITU tilmælum Q.708.
3. MNC (Mobile Network Code) sem er hluti af IMSI (International Mobile Subscriber Identity) samkvæmt ITU tilmælum E.212 og ETSI stöðlum ETS 300 523, 2. útgáfa.
4. IIN (Issuer Identification Number) samkvæmt tilmælum E.118.
5. TMNC (TETRA Mobile Network Code) sem er hluti af ITSI (International TETRA Subscriber Identities) samkvæmt ETSI staðli ETS 300 392-1.

Upplýsingar um þessa kóða má fá hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Ef notkun úthlutaðra kóða og vistfanga í fjarskiptanetum er hætt, skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun innan mánaðar.

12. gr.

Breytingar á númeraskipulagi og afturköllun kóða, númera, númeraraða og vistfanga.

Breytingar á skipulagi, sem fela í sér að hópar notenda verða að breyta um númer, skal stofnunin kynna með 2ja ára fyrirvara. Póst- og fjarskiptastofnun bætir ekki notendum eða fjarskiptafyrirtækjum kostnað eða annað fjárhagslegt tjón sem af því hlýst.

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað úthlutun númeraraða, ef í ljós kemur að ekki hefur verið fylgt reglum við úthlutun einstakra númera. Sömuleiðis getur stofnunin afturkallað úthlutun að hluta til, ef fjarskiptafyrirtæki hefur ofmetið þörf sína fyrir númer eða ef númer eða númeraröð hefur ekki verið tekin í notkun innan tiltekins tíma.

Afturköllun á úthlutaðum stuttnúmerum skal tilkynnt viðkomandi aðila með a.m.k. 6. mánaða fyrirvara.

13. gr.

Heimild og gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 32. gr. laga nr. 107/1999, og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 832/2000, um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga frá 10. nóvember 2000.

Póst- og fjarskiptastofnun, 2. apríl 2003.

Hrafnkell V. Gíslason.

Friðrik Pétursson.

REGLUGERÐ

um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga.

Aðsetur.

1. gr.

Ríkisskattstjóri starfrækir ársreikningaskrá.

Hlutverk ársreikningaskrár er að annast móttöku, geymslu og birtingu ársreikninga skilaskyldra félaga, úrtakskannanir og athuganir á þeim.

Skilaskyldir aðilar.

2. gr.

Félögum sem tilgreind eru í 1. og 2. gr. laga nr. 144/1994 með síðari breytingum ber að skila til ársreikningaskrár gögnum samkvæmt reglugerð þessari til birtingar.

Skilaskyldan hvílir á stjórn og framkvæmdastjóra. Hjá félögum sem ekki hafa formlega stjórn hvílir skilaskyldan á öllum félagsaðilum sameiginlega.

Birtingarskyld gögn.

3. gr.

Ársreikning félags sem skylt er að semja samkvæmt lögum nr. 144/1994 með síðari breytingum, sbr. 3. gr. þeirra laga, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur skal senda ársreikningaskrá.

Samstæðureikning móðurfélags sem skylt er að semja samstæðureikning samkvæmt VI. kafla laga nr. 144/1994 með síðari breytingum, sbr. 54. gr. A þeirra laga, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær samstæðureikningurinn var samþykktur skal senda ársreikningaskrá.

Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram á ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal til viðbótar gögnum skv. 1. og 2. mgr. senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er félagi, sem tvö ár í röð fer ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum á reikningsskiladegi, heimilt að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum sbr. reglugerð nr. 694/1996 með síðari breytingum, um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi:

1. eignir nema 230 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 460 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Heimild þessi nær þó hvorki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi né til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluti sína.

5. gr.

Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög sem fara tvö reikningsár í röð á reikningsskiladegi ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, og að fengnu samþykki ársreikningaskrár, lagt fram til birtingar samandreginn rekstrarreikning sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 694/1996 með síðari breytingum:

1. eignir nema 575 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 1.150 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 250.

Form birtingar og fyrirvarar.

6. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi og með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Vekja skal athygli á hvers konar fyrirvara endurskoðenda eða fyrirsvarsmanna og tilgreina ástæður þeirra.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild, sbr. 4. og 5. gr., skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn.

Heimilt er að birta ársreikning á tölvutæku formi. Skal þá fylgja með yfirlýsing frá endurskoðanda eða skoðunarmanni um að skjalið sé í samræmi við frumrit ársreiknings og skýrslu stjórnar.

Skilafrestur.

7. gr.

Félagi sem skylt er að gera ársreikninga samkvæmt lögum nr. 144/1994 með síðari breytingum, skal eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, senda ársreikningaskrá gögn skv. 3. gr.

Á sama hátt skulu félög sem skyld eru til að semja samstæðureikninga skv. VI. kafla laga nr. 144/1994 með síðari breytingum senda ársreikningaskrá samstæðureikning innan sama tímafrests og gögn skv. 3. gr.

Þó skal félag, sem hefur hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, senda ársreikning sinn þegar í stað eftir samþykkt hans og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Sama gildir um skil samstæðureikninga þegar a.m.k. eitt félag í samstæðunni hefur hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi.

Ársreikningaskrá skal birta reglulega með rafrænum og aðgengilegum hætti lista yfir félög sem skilað hafa ársreikningi samkvæmt þessari reglugerð.

Aðgangur að gögnum.

8. gr.

Veita skal aðgang að þeim gögnum sem skilað er samkvæmt reglugerð þessari. Heimilt er að afhenda ljósrit af gögnum þessum gegn gjaldi, sbr. lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Skoðun gagna.

9. gr.

Ársreikningaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórnna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994 með síðari breytingum. Heimilt er að krefjast þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Hafi ársreikningur verið tekinn til skoðunar samkvæmt þessari grein skal það koma fram í gögnum ásamt athugasemdum og niðurstöðum ársreikningaskrár.

Erlend félög og sameignar- og samlagsfélög.

10. gr.

Útibú erlendra félaga, erlend dótturfélög og sameignar- og samlagsfélög sem skráð eru hér á landi skulu með sama hætti senda ársreikningaskrá ársreikninga sína og eftir atvikum

samstæðureikninga eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í 73. – 76. gr. laga nr. 144/1994 með síðari breytingum.

Skil ársreiknings.

11. gr.

Á forsiðu ársreiknings skal koma fram skráð nafn félagsins, kennitala þess og pósthöfuð ásamt áritun um það hvenær aðalfundur samþykkti reikninginn.

Á forsiðu samstæðureiknings skal koma fram skráð nafn móðurfélagsins, kennitala þess og pósthöfuð ásamt nöfnum og kennitölum allra dótturfélaga þeirra sem teknar eru inn í samstæðureikninginn ásamt áritun um það hvenær reikningurinn var samþykktur.

Viðurlög og málsmeðferð.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum sbr. 82. gr. laga nr. 144/1994 með síðari breytingum. Ef ekki er sinnt ákvæðum reglugerðar þessarar skal ársreikningaskrá senda skattranssóknarstjóra ríkisins málið til meðferðar skv. 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattranssóknna, sbr. 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Gildistaka.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 89. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir varðandi skil ársreikninga og samstæðureikninga vegna reikningsárs sem lýkur 31. desember 2002 eða síðar. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 523/2001, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga.

Fjármálaráðuneytinu, 25. apríl 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elva Ósk S. Wíium.

REGLUGERÐ

um Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum, Ölfusi.

1. gr.

Almennt.

Garðyrkjuskóli ríkisins er rannsókn- og menntastofnun sem starfar eftir lögum um búafræðslu, nr. 57/1999. Garðyrkjuskólinn hefur höfuðaðsetur á Reykjum í Ölfusi, annast þar staðarhald og varðveitir umhverfi og menningararf staðarins.

2. gr.

Meginmarkmið.

Garðyrkjuskóli ríkisins er mennta- og rannsóknastofnun er býður nemendum hagnýtt nám á sviði garðyrkju, skógræktar og umhverfismála. Meginmarkmið Garðyrkjuskólans er

að styðja við nýsköpun, framþróun og vöxt í þessum atvinnugreinum þannig að þær geti orðið mikilvægar í atvinnulífi dreifbýlis sem og þéttbýlis. Þetta gerir Garðyrkjuskólinn með öflugum mennta- og rannsóknarstarfi, sem býr einstaklinga undir þátttöku í atvinnulífinu, sjálfstæð vísindastörf eða frekara háskólanám.

Garðyrkjuskólanum er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðigreinum sem kenndar eru við skólann.

Þá skal skólinn veita almenningi fræðslu og þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

3. gr.

Form kennslu.

Kennsla á vegum Garðyrkjuskólans getur verið á framhaldsskólastigi og háskólastigi sbr. 34. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999. Kennslan fer fram í deildum. Fyrirkomulag kennslu innan hverrar deildar getur verið í formi námsbrauta, sjálfstæðra námskeiða eða í formi endurmenntunar. Skólinn setur sérstakar reglur um form kennslunnar, tilhögun námsins, inntökuskilyrði og próf, sem staðfestar skulu af landbúnaðarráðherra. Tryggt skal að nám til B.S. gráðu sé viðurkennt af háskólum sem veita sambærilegar prófgráður, sbr. 4. gr.

4. gr.

Gæðaeftirlit.

Kennsla á framhaldsskólastigi og háskólastigi skal vera í samræmi við lög og reglur sem um slíka kennslu gilda, sbr. lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og lög um háskóla nr. 136/1997.

Í Garðyrkjuskólanum skal fara fram reglulegt sjálfsmat á innra starfi skólans með stöðugar umbætur í huga í samræmi við reglur nr. 331/1999, um gæðaeftirlit með háskólakennslu. Jafnframt skal undirbúningur námsins og veiting prófgráðu fara fram að höfðu samráði við viðurkenndan háskóla.

5. gr.

Deildir og stofnanir.

Við Garðyrkjuskólann starfa þrjár deildir: garðyrkjuframleiðsludeild, skógræktardeild og umhverfistæknideild. Landbúnaðarráðherra getur heimilað samruna eða stofnun fleiri deilda eða rannsóknastofnana á vegum skólans. Deildirnar skulu hafa með sér náð samstarf, þar á meðal um samnýtingu kennslutækja, starfskrafta og aðstöðu. Deildirnar geta haft náð samstarf við aðrar háskólastofnanir um uppbyggingu námsins, kennslunnar og rannsókna.

6. gr.

Skilgreining deilda.

Við garðyrkjuframleiðsludeild fer fram kennsla og rannsóknir á sviði garð- og skógarplöntuframleiðslu, ylrehtar og útimatjurtaræktunar og blómaskreytinga. Að loknu þriggja ára bóklegu og verklegu námi, sem er á framhaldsskólastigi, útskrifast nemendur sem garðyrkjufræðingar af garð- og skógarplöntubraut eða ylrehtar- og útimatjurtabraut, nema á blómaskreytingabraut útskrifast nemendur með lokapróf í blómaskreytingum. Prófgráðan B.S. í garðyrkjuframleiðslu er veitt að loknu 90 eða 120 eininga háskólanámi af garð- og skógarplöntubraut eða ylrehtarbraut og útskrifast nemendur þá sem garðyrkjutæknifræðingar. Styttra námi á háskólastigi lýkur með diploma í garðyrkjuframleiðslu.

Við skógræktardeild fer fram kennsla og rannsóknir í skógrækt. Að loknu þriggja ára bóklegu og verklegu námi, sem er á framhaldsskólastigi, útskrifast nemendur sem garðyrkjufræðingar af skógræktabraut. Prófgráðan B.S. í skógrækt er veitt að loknu 90 eða 120 eininga háskólanámi og útskrifast nemendur þá sem skógræðingar. Styttra námi á háskólastigi lýkur með diploma í skógtækni.

Við umhverfistæknideild fer fram kennsla og rannsóknir í skruðgarðyrkju og umhverfistækni. Að loknu þriggja ára bóklegu og verklegu námi á skruðgarðyrkjubraut eða umhverfisbraut, sem eru á framhaldsskólastigi, útskrifast nemendur sem garðyrkjufraeðingar af skruðgarðyrkjubraut eða umhverfisbraut. Heimilt er að bjóða upp á sérstakt sveinspróf í skruðgarðyrkju, sem er löggilt iðngrein. Prófgráðan B.S. í skruðgarðyrkjutækni er veitt að loknu 90 eða 120 eininga háskólanámi af skruðgarðyrkjubraut og útskrifast nemendur þá sem skruðgarðyrkjutæknifraeðingar. Styttra námi á háskólastigi lýkur með diploma í skruðgarðyrkjutækni.

Garðyrkjuskólinn sinnir endurmenntun á vettvangi fraeða sem kennd eru í deildum skólans. Hver deild skipuleggur endurmenntun á sínu fagsviði og ber ábyrgð á henni. Heimilt er að skipa sérstök fagráð með fulltrúum atvinnulífsins við hverja braut sem er skólanum til ráðgjafar varðandi kennslu, endurmenntun og tilraunir við viðkomandi deild.

7. gr.

Stjórnun og starfslið.

Stjórn Garðyrkjuskólans er falin skólanefnd og skólameistara. Skólanefnd er ráðgefandi um skipulag og áherslur, kennslu, rannsóknir og önnur verkefni skólans.

Skólameistari er yfirmaður stjórnarsýslu skólans og ber ábyrgð á starfsemi skólans sbr. 30. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999. Skólameistari ræður kennara og annað starfsfólk stofnunarinnar. Innan skólans starfar deildaráð sem sinnir daglegum rekstri skólans og samræmir starf deilda.

Hverri deild stýra deildarstjórar sem bera ábyrgð á faglegum og fjárhagslegum þáttum deildarinnar. Skólameistari getur falið sérstökum fagstjóra ábyrgð á faglegum og fjárhagslegum þáttum tiltekinnar námsbrautar. Deildarstjórar geta jafnframt verið fagstjórar námsbrauta. Í deildaráði sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, endurmenntunarstjóri, deildarstjórar deilda, fagstjórar hverrar námsbrautar og fjármálastjóri.

Kennarar og aðrir sérfræðingar skólans skulu hafa lokið háskólaprófi eða hafa hliðstæða menntun eða reynslu á sínu sviði. Þeir skulu auk kennslu vinna að rannsóknum og þróunarvinnu í þágu skólans. Um hæfni og rannsóknir kennara skal að öðru leyti miðað við löggjöf og reglur sem gildir um kennslu á háskólastigi.

Skólinn setur sérstakar reglur um atriði sem fjallað er um í þessari grein sem staðfestar skulu af landbúnaðarráðherra.

8. gr.

Nemendur.

Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf getur sótt um inngöngu í háskólanám við Garðyrkjuskólann gegn greiðslu skrásetningargjalds. Heimilt er að leyfa skrásetningu nemenda í háskólanám, sem lokið hafa öðrum prófum en stúdentsprófi eða búa yfir hliðstæðum þroska og þekkingu og stúdentsprófið veitir, ef viðkomandi deild telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning undir nám við deildina.

Um inngöngu í annað nám við Garðyrkjuskólann fer eftir reglum sem skólinn setur.

Inntaka nemenda er í höndum deildaráðs og getur það að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir eða námsbrautir skólans.

9. gr.

Rannsóknasjóðir.

Garðyrkjuskólinn getur stofnað rannsóknasjóði sbr. 18. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999. Rannsóknasjóðir standa fyrir rannsóknastarfsemi á vegum skólans. Heimilt er að leita eftir styrkjum og þátttöku annarra aðila í slíkri starfsemi. Rannsóknasjóðir þessir starfa

sem sjálfseignarstofnanir og er heimilt að fá aðila utan skólans til þátttöku í stjórn þeirra og fulltrúaráðum. Skipulagsskrár rannsóknasjóða skulu staðfestar af dómsmálaráðherra.

10. gr.

Bókasafn og gagnaöflun.

Við Garðyrkjuskólann er rannsókn- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðisviðum skólans. Tilgangur safnsins er að veita nemendum og kennurum skólans, og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna náms og rannsókna. Við garðyrkjuskólann skal kappkostað að hafa greiðan aðgang að gagnasöfnum hérlendis og erlendis.

11. gr.

Þátttaka í sjálfstæðum rekstri.

Garðyrkjuskólinn getur stofnað eða tekið þátt í sjálfseignarstofnunum eða sjálfstæðum rekstrareiningum, sbr. 18. gr. og 2. mgr. 36. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, í því skyni að efla starf skólans enda samræmist tilgangur þessarar starfsemi meginmarkmiðum Garðyrkjuskólans, sbr. 1. gr. þessarar reglugerðar.

12. gr.

Fjárhagur.

Fjárhag og reikningshald skólans skal aðgreina eftir því sem við á frá einstökum stofnunum, rekstrareiningum eða viðfangsefnum þannig að yfirsýn fái stöðugt yfir einstaka þætti í rekstri skólans.

13. gr.

Ársfundur.

Skólameistari skal árlega boða til sérstaks ársfundar skólans og stofnana á hans vegum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og fjárhagslegri útkomu næstliðins árs og fyrirbyggjandi áætlanir um líðandi og næstu ár kynntar. Ársfundur skólans og stofnana hans getur eftir atvikum verið hluti af árlegum skólaslitum og útskrift nemenda eða sjálfstæður fundur. Til ársfundar skal boðið fulltrúum landbúnaðarráðuneytis, skólanefnd, helstu hagsmunaaðilum og stjórnnum og fulltrúaráðum stofnana skólans.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. 37. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 712/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 2003.

Guðni Ágústsson.

Hákon Sigurgrímsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sandgerði.

Deiliskipulag útivistarsvæðis við Þóroddsstaði.

Frístundabyggðin Nátthagi og Kirkjubólsvöllur.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 12. mars 2003 samþykkt deiliskipulag útivistarsvæðis við Þóroddsstaði, þar sem um er að ræða frístundabyggðina Nátthaga og Kirkjubólsvöll (golfvöll).

Breytingin felur í sér að Kirkjubólsvöllur stækkar, komið er fyrir frístundabyggð með lóðum undir 18 frístundahús og aðstaða ætluð fyrir tjöld og tjaldvagna með tilheyrandi leik- og útivistarsvæðum. Á svæðinu er þjónustubygging.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 28. apríl 2003.

F.h. Sandgerðisbæjar,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

1. gr.

Fjöldatakmörkun í læknaeild.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda til náms við læknaeild fer eftir reglum nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknaeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum sbr. reglur nr. 134/2002 og 503/2002. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu læknaeildar.

2. gr.

Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild.

Ákvörðun um takmörkun á fjölda nemenda á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði mun liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2003 og verður birt sérstaklega.

Um val nemenda í hjúkrunarfræði gilda reglur sem háskólaráð setti þann 14. júní 2002, og birtar eru í kennsluskrá.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 12.

Um val nemenda í ljósmóðurfræði gilda reglur um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

3. gr.

Fjöldatakmörkun í tannlæknadeild.

Fjöldi nýrra nemenda á vormisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

4. gr.

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild.

Fjöldi nýrra nemenda í hagnýtri fjölmiðlun takmarkast við töluna 20.

Fjöldi nýrra nemenda í námsráðgjöf takmarkast við töluna 18.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf takmarkast við töluna 22.

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 60.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem berast félagsvísindadeild fyrir 1. apríl 2003. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

Fjöldi nýrra nemenda í cand. psych. námi takmarkast við töluna 15.

Fjöldi nýrra nemenda í M.A.-námi í uppeldis- og menntunarfræði takmarkast við töluna 30.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem berast félagsvísindadeild fyrir 1. maí 2003. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2003-2004.

Háskóla Íslands, 31. mars 2003.

Páll Skúlason.

Halldór Jónsson.

REGLUR**um breytingu (15) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. reglnanna:

1. Orðin „svo og til diplomaprófs, sbr. 6. mgr.“ í 1. mgr. 91. gr. falla brott.
2. 3. másl. 2. mgr. 91. gr. fellur brott.
3. 6. mgr. 91. gr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. reglnanna:

1. Fyrirsögn 92. gr. breytist og verður: B.A.-nám í lögfræði.

2. 2. mgr. 92. gr. fellur brott.
3. Orðin „og diplomaprófs“ í 3. mgr. 92. gr. falla brott.
4. Orðin „og diplomaprófs“ í 4. mgr. 92. gr. falla brott.
5. Orðin „(í BA-námi og diplomanámi)“ og „og diplomaprófs“ í 5. mgr. 92. gr. falla hvarvetna brott.
6. 7. mgr. 92. gr. fellur brott.
7. Orðin „og diplomanámi“ og „eða diplomanámi“ í 8. mgr. 92. gr. falla brott.
8. Orðin „eða diplomanámi“ í 9. mgr. 92. gr. falla brott.
9. 2. málsl. 10. mgr. 92. gr. fellur brott..

3. gr.

Þriðja málsgrein 93. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Í framhaldsnámi skal stúdent velja sér efnissvið til ritgerðar eða annars lokaverkefnis. Stúdent skal velja einn af kennurum deildarinnar sem umsjónarkennara í því námi og skal valið háð samþykki kennarans og lagadeildar. Stúdent skal þreyta próf úr efni ritgerðar eða lokaverkefnis og skal tekið tillit til frammistöðu hans þegar gefin er einkunn fyrir ritgerðina eða verkefnið. Í stað prófs má gefa stúdent kost á að gera grein fyrir efni ritgerðar eða verkefnis opinberlega. Stúdent getur ekki lokið ritgerð eða lokaverkefni nema hann hafi áður staðist próf í námsgreinum sem veга að minnsta kosti 35 einingar alls. Lagadeild setur reglur um kröfur sem gerðar skulu til ritgerðar og lokaverkefnis, einingafjölda þeirra og hlutverk umsjónarkennara.

4. gr.

Upphafsmálsliður 5. mgr. 101. gr. reglugerðar nr. 458/2000 breytist og verður svohljóðandi:

Deildin skiptist í eftirtaldar skorir: Íslenskuskor, sagnfræðiskor, heimspækiskor, bókmenntafræði- og málvísindaskor, enskuskor, skor þýsku og Norðurlandamála og skor rómanskra og klassískra mála.

5. gr.

Við 6. mgr. ákvæða til bráðabirgða bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Þrátt fyrir það skulu ákvæði 3. mgr. 93. gr. reglna þessara gilda um alla stúdenta frá og með 1. janúar 2004, en lagadeild getur veitt undanþágu frá því til 1. janúar 2005.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. apríl 2003.

Páll Skúlason.

Tryggvi Þórhallsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu svæðisskipulags Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995 - 2015.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. apríl 2003 staðfest niðurfellingu svæðisskipulags Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995 - 2015 frá 17. desember 1996.

Svæðisskipulag alls lands Grímsnes- og Grafningshrepps og fyrrum Þingvallahrepps neðan marka svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 er í heild sinni fellt úr gildi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar um svæðisskipulag Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 28. apríl 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisstofnun þann 28. apríl 2003 staðfest aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Sogsfoss 1989-2009 frá 21. maí 1990 og aðalskipulag Borgar í Grímsnesi 1989-2009 frá 21. maí 1990, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun, 28. apríl 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Kjarnalundur, deiliskipulag lóðar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. apríl 2003 samþykkt deiliskipulag lóðar Kjarnalundar við Kjarnaskóg. Á skipulaginu eru m.a. byggingarreitir fyrir stækkun Kjarnalundar og fyrir stakstætt félagsheimili norðan hans.

Einnig er þar sett kvöð um umferðarrétt yfir lóðina vegna aðkomu að orlofshúsum norðan hennar.

Síðuskóli, deiliskipulag lóðar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. janúar 2003 samþykkt deiliskipulag lóðar Síðuskóla. Í deiliskipulaginu er kveðið á um aðkomu og bílastæði, byggingarreiti fyrir viðbyggingar við skólann, stækkun lóðar o.fl.

Hafnarsvæði, Krossanesi, breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. janúar 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Krossanesi. Breytingin felst í því að í stað samfellds hafnarbakka meðfram öllu hafnarsvæðinu koma tveir aðskildir bakkar, sá syðri með breytta stefnu m.v. áður gildandi skipulag.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þau þegar gildi.

Akureyri, 29. apríl 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu almenns og sérstaks vörugjalds af bensíni til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) skulu fá endurgreitt almennt og sérstakt vörugjald af bensíni vegna bifreiða í þeirra eigu.

2. gr.

Til þess að hljóta endurgreiðslu skv. 1. gr. verður bifreið að vera á sérstökum skráningarmerkjum fyrir ökutæki erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 78/1997, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur

gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það fjármálaráðuneytinu endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun sendir fjármálaráðuneytið reikninga til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisfóhirðis til afgreiðslu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. mgr. 6. og 148. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, og 28. gr. laga nr. 29/1993 og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 29. apríl 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Telma Halldórsdóttir.

